



## Fiðrildasafnarar



Stjörnufræðingar reyna að safna eins mörgum hringpokum og þeir geta. Hringpokur eru glóandi gas- og rykskú í geimnum, oftar en ekki óhemju falledgar. Nú hafa stjörnufræðingar byrjað að fylgjast með þessum skýjum í okkar hluta vetrarbrautarinnar með Chandra röntgeimeisjónauka NASA. Á myndinni sjást fjórar fiðrildalaga hringpokur sem sjónaukinn hefur nú þegar tekið ljósmyndað.

Þessi ský sjúna okkur skeið sem allar meðalstórar stjörnur eins og sólin okkar ganga í gegnum. Þegar stjarna hefur brennt öllu eldsneyti sínu, þenst hún út og verður rauður risi. Stjarnan getur þá orðið nokkur hundruð sinnum breiðari en sólin okkar! Þegar stjarnan er svo stór á hún í stökustu vandræðum með að halda í ytri efnislög sín og missir stóran hluta þeirra út í geiminn.

Eftir situr heitur kjarninn úr stjörnunni. Hann byrjar smám saman að falla inn í sjálfan sig. Allt efnið í kjarnanum verður svo samþjappað að lífil en mjög þung stjarna verður til sem við köllum hvítan dverg. Hvítur dvergur er stjarna með svipað efnismaðn og sólin en er á stærð við jörðina!

Gasið og rykið sem stjarnan varpar frá sér myndar hringpoku sem sveipar hvíta dverginn litríkum hjúpi. Þessir gashjúpar eru af mörgum stærðum og gerðum. Á myndunum sérðu að efnið hefur myndað tvö ský út frá sitt hvorri hlið stjörunnar. Skýin líta út eins og vængir á fiðrildum!

## COOL FACT

Næstum allar stjörnur mynda hringpokur að lokum, þar á meðal sólin. Stjörnufræðingar telja að í vetrarbrautinni okkar séu líklega yfir 30.000 hringpokur.



More information about EU-UNAWA  
Space Scoop: [www.eu-unawe.org/kids/](http://www.eu-unawe.org/kids/)